

- 2.4 Telji Rafmagnsveiturnar að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spennu, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu, skal notandinn greiða kostnaðarmismuninn, samkvæmt gjaldskrá eða kostnaðarreikningi, eftir því sem við á.
3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
- 3.1 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður að hverju sinni.
- 3.2 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er í loftílnustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna skal greiða minnst kr. 10 000.00 miðað við 60 Amp stofnvara en að öðru leyti fer um gjald samkv. lið 3.1.
4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kaптúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna, hverju sinni. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verkið er hafið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um heimtaugagjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kaптúnum og þorpum, nr. 216 22. desember 1960.

Iðnaðarráðuneytinu 6. maí 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði
á söltuðum þorsklökum fyrir framleiðslutímabilið
1. janúar til 31. maí 1974.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð á söltuðum þorsklökum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1974:

Söltuð þorsklök.

700 gr og yfir	kr. 169.00
400—700 gr	— 169.00
200—400 gr	— 160.00

Verð þessi eru c.i.f. Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.